

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 531/1990, um innheimtu
þinggjalda á árinu 1991.**

1. gr.

2. másl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 11% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1991.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr. 675
Vegna bifhjóls	kr. 675
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr. 675
Vegna vélsleða	kr. 675
Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 675
Vegna rafstöðvar	kr. 225
Vegna súgurrkunartækis	kr. 225
Vegna heyblásara	kr. 225
Vegna trillubáta	kr. 1 800

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 15/1990 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. janúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.